

**Ed. 258. Frumvarp til laga [121. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Pingeyjarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kröfluvirkjun í Suður-Pingeyjarsýslu, sem til var stofnað með lögum nr. 21 frá 10. apríl 1974, til Landsvirkjunar samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup á Kröfluvirkjun, dags. 26. júlí 1985.

Með mannvirkjum Kröfluvirkjunar skal fylgja réttur til virkjunar og hagnýtingar á þeirri jarðhitaorku, sem finnast kann á Kröflusvæðinu, að afli sem svarar allt að 70 MW eins og um ræðir í nefndum samningi.

2. gr.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja til Landsvirkjunar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag og Námaskarð í Suður-Pingeyjarsýslu ásamt rétti til virkjunar og hagnýtingar jarðhitaorku á því svæði, innan marka sem um semst, í samræmi við ákvæði í framangreindum samningi. Mun Landsvirkjun, ef sala þessi fer fram, taka við gufuveitunni í Bjarnarflagi til eignar og rekstrar ásamt skuldbindingum um gufuöflun til kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, sbr. 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80 frá 15. ágúst 1966, svo og skuldbindingum um gufuafhendingu vegna Hitaveitu Skútustaðahrepps og Léttsteypunnar hf. samkvæmt samningum ríkisins og eigenda jarðanna Reykjahlíðar og Voga, dags. 18. mars og 4. maí 1971, sbr. yfirlýsingu aðila 1. júlí 1975 og 23. júní 1982.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1985 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 21 frá 10. apríl 1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Pingeyjarsýslu.